

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Leirvogstunguhverfi - Vogatunga 58-60.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér tilfærslu á lóðarmörkum við Vogatungu 58 og 60. Suðurhluti lóðar Vogatungu 60 minnkar og færast lóðamörk norðar en vesturlóðir Vogatungu 58-60 stækka í átt að gangstétt; bílastæðum er hliðrað.

Krikahverfi - Sunnukrika 4.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér nýja lóð undir dreifistöð við Sunnukrika 4, norðvestan við núverandi bensínstöð Atlantsolíu ehf. Hin nýja lóð er 35 m² og nýtingarhlutfall hennar 0,62.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 16. júlí 2020,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.